

**20. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA**

Tuttugasti fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn þriðjudaginn 8. janúar 2013 kl. 8:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

**Viðstaddir:** Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF), Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

**Frá FMS:** Af hálfu Ferðamálastofu sat fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

**1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt****2. yfirferð umsókna**

Farið var yfir skýringartexta sem Sveinn hafði sett saman fyrir á styrkveitingum. Sveinn óskaði eftir álitum stjórnar um það hvort bæta ætti við texta um markmið með styrkveitingum og sýndi dæmi um það. Stjórn samþykkti að betra væri að hafa markmiðin með og óskaði eftir að Sveinn ynni slíkan texta fyrir alla styrkþega. Sveinn mun fara ítarlega yfir skýringartextann og senda niðurstöðu í tölvupósti á stjórn. Hann óskar eftir skriflegum athugasemdum til baka.

Óskað er eftir að Sveinn skrifi uppkast að bréfi til ráðherra og sendi á stjórn til yfirlestrar. Stefnt er að því að skrifa undir tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða til ráðuneytisins föstudaginn 11. Janúar. Óskað er eftir að stjórnarmenn mæti á skrifstofu FMS til að undirrita skjalið fyrir kl. 16:00.

Stefnt að því að ljúka 2. úthlutun styrkja áður en auglýst er eftir umsóknum um styrki til 3. Úthlutunar styrkja úr sjóðnum, sem er áætlað að verði í lok janúar 2013.

Fundi slitið 9:30

Reykjavík 8. janúar 2013 /Katrín og Sveinn